



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

VIÐS2FJ05

Fjármál

Kennari/kennarar:	Ægir Sigurðsson (ÆS) aegirsig@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Fjallað er um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt. Áhersla er lögð á þjálfun í útreikningum þar sem telja má að kunnáttan hafi almennt hagnýtt gildi. Fjallað er um markað fyrir helstu tegundir verðbréfa og meginatriði sem varða mat á fjárfestingavalkostum. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að tölvu og töflureikni, Excel.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum er varða fjármál einstaklinga, s.s. mismunandi vaxtahugtök, verðtryggingu, verðbólgu o.fl.
- mismunandi tegundum skuldabréfa
- mismunandi formum lána sem einstaklingum bjóðast
- helstu tegundum markaðsverðbréfa á íslenskum verðbréfamarkaði
- helstu sparnaðarleiðum sem einstaklingum bjóðast

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- reikna vaxtaupphæð, framtíðarvirði, núvirði og vaxtaþrósentu
- reikna verðbólgu
- meta skuldabréf
- meikna vísitölur
- nýta netið til öflunar fjármálalegra upplýsinga

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- finna hagkvæmstu frjáfestingavalkosti með hjálp núvirðisreikninga
- finna hagkvæmstu sparnaðarleiðir fyrir einstaklinga

Námsefni:

- Snjöll skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson. ATH. Ekki þarf að kaupa bókina.
- Hagnýt stærðfræði (prósentu og vaxtareikningur). ATH. Ekki þarf að kaupa bókina.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Lota:	Vika:	Efni:
1	2.-5.vika	Fjármál(1. Kafli)
		Uppruni og ráðstöfun verðmæta (2.kafli)
		Prósentureikningur
2	6.-11.vika	Eignir og sparnaður (3. Kafli)
		Lán og skuldir (4. Kafli)
		Vaxtareikningur
3	12.-18.vika	Nokkur hollráð (5. Kafli)
		Erlendur gjaldeyrir
		Vaxtavextir

Hverri lotu lýkur með lotuprófi, innan hverrar lotu verða unnin skilaverkefni sem tengjast efni lotunnar.

Sérreglur áfangans:

Verkefnum skal skila innan tilskilins frests. Ýmist er ekki gefin einkunn fyrir verkefni sem skilað er of seint eða einkunn lækkuð fyrir sein skil.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi

Lotupróf	45 %
Verkefni	45%
Hlutabréfaverkefni	10%

Þrjú lotupróf verða á önninni og er skylda að taka þau öll. Til að standast áfangann þarf að lágmarki 4,5 í meðaleinkunn úr lotuprófum, engin einkunn úr lotuprófum má vera undir 4,0. Heima- og skilaverkefni gilda samtals 55%. Þar af gildir vinnubók 20% og Hlutabréfaverkefni 10%. (Hlutabréfaverkefni er verkefni sem nemendur vinna alla önnina).

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 7.janúar 2026 Ægir Sigurðsson